

Tilskipun ráðsins nr. 2000/43/EB frá 29. júní 2000

um beitingu meginreglunnar um jafnrétti án tillits til kynþáttar eða þjóðernisuppruna (óopinber þýðing)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR

- með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópu-bandalagsins, einkum 13. gr.,
 - með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,
 - með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins,
 - með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar,
 - með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar,
 - og að teknu tilliti til eftirfarandi:
- 1) Sáttmálinn um Evrópusambandið markar nýjan áfanga í ferli sem miðar að því að skapa nánari einingu milli þjóða Evrópu.
 - 2) Í samræmi við 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið er Evrópusambandið byggt á meginreglum um frelsi, lýðræði, virðingu fyrir mannréttindum og fyrir grundvallarfrelsi og á meginreglum réttarríkisins, en þessar meginreglur eru sameiginlegar öllum aðildarríkjunum, og ber Sambandinu að virða, sem almennar meginreglur bandalagslaga, þau grundvallarréttindi sem eru tryggð í Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis og sem leiðir af sameiginlegum stjórnskipunarhefðum aðildarríkjanna.
 - 3) Réttur allra til jafnréttis að lögum og til verndar gegn mismunun er almennur rétt-

ur sem viðurkenndur er í Mannréttinda-yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum, alþjóðasamningnum um afnám alls kynþáttamisréttis, samningnum Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og í Mannréttindasáttmála Evrópu, sem öll aðildarríkin hafa undirritað.

- 4) Það er mikilvægt að virða þessi grundvallarréttindi og -frelsi, að félagafrelsi meðtöldu. Einnig er mikilvægt, í tengslum við aðgang að og afhendingu vöru og þjónustu, að tryggja verndun einkalífs og fjölskyldulífs og viðskipta sem eiga sér stað í þessu samhengi.
- 5) Evrópuþingið hefur samþykkt margar ályktanir um baráttu gegn kynþáttafordómum í Evrópusambandinu.
- 6) Notkun orðsins „kynþáttur“ í þessari tilskipun felur ekki í sér að fallist sé á slíkar kenningar.
- 7) Leiðtogaráðið bauð framkvæmdastjórninni, á fundi sínum í Tampere 15. og 16. október 1999, að leggja sem fyrst fram tillögur um framkvæmd ákvæða 13. gr. EB-sáttmálans um baráttu gegn kynþáttafordómum og útlendingahatri.

- 8) Í leiðbeiningum um atvinnumál, sem leiðtogaráðið samþykkti í Helsinki 10. og 11. desember 1999, er lögð áhersla á að skapa þurfi aðstæður sem ýta undir félagslega aðlögun á atvinnumarkaði með því að setja fram röð samstæðra stefnumiða sem miða að því að berjast gegn mismunun gagnvart hópum, svo sem þjóðarbrotum sem eru í minnihluta.
- 9) Mismunun á grundvelli kynþáttar eða þjóðernisuppruna getur grafið undan því að náð verði þeim markmiðum sem sett eru í EB-sáttmálanum, einkum markmiðum um hátt atvinnustig og félagslega vernd, bætt lífsskjör og lífsgæði, efnahagslega og félagslega samheldni og samstöðu. Það getur einnig grafið undan því markmiði að gera Evrópusambandið að svæði þar sem ríkir frelsi, öryggi og réttlæti.
- 10) Framkvæmdastjórnin lagði fram skýrslu um kynþáttafordóma, útlendingahatur og gyðingahatur í desember 1995.
- 11) Ráðið samþykkti 15. júlí 1996 sameiginlegar ráðstafanir (96/443/JHA) um aðgerðir gegn kynþáttafordómum og útlendingahatri þar sem aðildarríkin skuldbinda sig til að tryggja skilvirka dómsmálasamvinnu að því er varðar brot sem

rekja má til kynþáttafordóma eða útlendingahatus.

- 12) Til að tryggja þróun lýðræðislegra og umburðarlyndra þjóðfélaga, þar sem allir eru þátttakendur án tillits til kynþáttar eða þjóðernisuppruna, þurfa sértækar aðgerðir vegna mismununar á grundvelli kynþáttar eða þjóðernisuppruna að ganga lengra en það að veita aðgang að launaðri vinnu eða sjálfstæðri starfsemi og ná til mála-flokka eins og menntunar, félagslegrar verndar, þar með talið félagslegt öryggi og heilsugæsla, og félagslegra hagsbóta og aðgangs að og afhendingu vöru og þjónustu.
- 13) Í þessu skyni er rétt að banna beina eða óbeina mismunun á grundvelli kynþáttar eða þjóðernisuppruna í öllu bandalaginu að því er varðar þau svið sem tilskipun þessi tekur til. Bann við mismunun ætti einnig að gilda um ríkisborgara þriðju landa en tekur ekki til mismunandi meðferðar á grundvelli ríkisfangs og hefur ekki áhrif á ákvæði um komu og búsetu ríkisborgara þriðju landa og aðgang þeirra að atvinnu.
- 14) Við beitingu meginreglunnar um jafna meðferð án tillits til kynþáttar eða þjóðernisuppruna ber bandalaginu, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. EB-sáttmálans, að stefna að því að eyða misrétti og stuðla að jafnrétti karla og kvenna, einkum þar eð konur eru oft þolendur margþættrar mismununar.
- 15) Það er dómstóla eða annarra þar til bærra aðila einstakra ríkja að meta staðreyndir, sem benda til þess að bein eða óbein mismunun hafi átt sér stað, í samræmi við landsrétt eða venju. Þessar reglur geta m.a. kveðið á um að nota megí öll ráð til að ganga úr skugga um óbeina mismunum, þar með taldar tölu- legar upplýsingar.
- 16) Það er áriðandi að vernda alla gegn mismunun á grundvelli kynþáttar eða þjóðernisuppruna. Aðildarríkjunum ber einnig, þar sem við á og í samræmi við innlendar hefðir sínar og venjur, að kveða á um vernd fyrir lögpersónur sem sæta mismunun á grundvelli kynþáttar eða þjóðernisuppruna þegna sinna.

- 17) Bann við mismunun ætti ekki að koma í veg fyrir að ráðstafanir, sem ætlað er að fyrirbyggja eða bæta erfiða aðstöðu hópa fólks af tilteknum kynþætti eða þjóðernisuppruna, gildi áfram eða verði samþykktar og slíkar ráðstafanir geta gert fólki af tilteknum kynþætti eða þjóðernisuppruna kleift að stofna samtök ef meginmarkmið samtakanna er að koma á framfæri sérstökum þörfum þessa fólks.
- 18) Í undantekningartilfellum getur mismunandi meðferð verið réttlætanleg þegar eiginleiki, sem tengist kynþætti eða þjóðernisuppruna, er raunveruleg og afgerandi krafa í starfi, ef markmiðið er lögmætt og krafan er í eðlilegu hlutfalli við það. Þessar aðstæður skulu koma fram í upplýsingunum sem aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni.
- 19) Tryggja ber þeim sem hafa verið beittir misrétti á grundvelli kynþáttar eða þjóðernisuppruna nauðsynlega réttarvernd. Til að tryggja skilvirkari vernd skal einnig veita félögum eða lögaðilum heimild, sem aðildarríkin ákvarða nánar, til að koma að máli, annaðhvort fyrir hönd fórnarlamb mismununar eða til stuðnings því, samanber þó málsmeðferðarreglur landsréttar um fyrrisvar og vörn fyrir rétti.
- 20) Skilvirk framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti útheimtir fullnægjandi réttarvernd fyrir þá sem verða fyrir hefndar- aðgerðum.
- 21) Aðlaga þarf reglur um sönnunarbyrði þegar um mismunun við fyrstu sýn (*prima facie*) er að ræða og, til að unnt sé að beita meginreglunni um jafna meðferð á skilvirkan hátt skal sönnunarbyrðin færast yfir á varnaraðila ef færð er fram sönnun um slíka mismunun.
- 22) Aðildarríkin þurfa ekki að beita reglum um sönnunarbyrði í málum þar sem dómstólum eða öðrum þar til bærum aðila ber að rannsaka málsatvik. Hér er átt við mál þar sem þess er ekki krafist að kærandi sanni málsatvik sem dómstólum eða þar til bærum aðilum ber að rannsaka.
- 23) Aðildarríkjunum ber að stuðla að samræðu aðila vinnurmarkaðarins og við frjáls félagasamtök um hin ýmsu form mis-

mununar og hvernig skuli berjast gegn þeim.

- 24) Vernd gegn mismunun á grundvelli kynþáttar eða þjóðernisuppruna myndi styrkjast ef í hverju aðildarríki væri aðili eða aðilar sem væru færir um að greina þau vandamál sem um er að ræða, kanna hugsanlegar lausnir og veita fórnarlömbum beina aðstoð.
- 25) Í þessari tilskipun er mælt fyrir um lágmarkskröfur þannig að aðildarríkin eigi kost á að setja eða viðhalda hagstæðari ákvæðum. Afturför miðað við það sem nú tíðkast í aðildarríkjunum verður ekki réttlætt með vísan til framkvæmdar þessarar tilskipunar.
- 26) Aðildarríkjunum ber að kveða á um skilvirk viðurlög við brotum gegn skyldum samkvæmt þessari tilskipun sem eru í eðlilegu hlutfalli við brotið og sem hafa forvarngildi.
- 27) Aðildarríkin geta falið aðilum vinnurmarkaðarins, enda hafi þeir farið sameiginlega fram á það, að koma þessari tilskipun í framkvæmd að því er varðar ákvæði sem falla undir gildissvið kjarasamninga, svo fremi að aðildarríkin geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að þau geti ætíð tryggt framkvæmd þeirra reglna sem tilskipun þessi kveður á um.
- 28) Í samræmi við dreifræðisregluna og meðalhófsregluna, sem mælt er fyrir um í 5. gr. EB-sáttmálans, geta aðildarríkin ekki, vegna umfangs og áhrifa fyrirhugaðra aðgerða, náð markmiðum þessarar tilskipunar með viðhlítandi hætti, þ.e.a.s. að tryggja sameiginlega víðtæka vernd gegn mismunun í öllum aðildarríkjunum, og því nást þau frekar á vettvangi bandalagsins. Þessi tilskipun gengur ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari tilskipun er mæla fyrir um ramma til að berjast gegn mismunun á grundvelli kynþáttar eða þjóðernisuppruna með það fyrir augum að framfylgja jafnræðis-reglunni í aðildarríkjunum.

2. gr.

Mismununarhugtakið

- Í þessari tilskipun hefur meginreglan um jafnrétti þá merkingu að engin mismunun skal eiga sér stað vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna, hvorki beint né óbeint.
- Að því er varðar 1. mgr.:
 - telst það bein mismunun þegar einstaklingur fær óhagstæðari meðferð, á grundvelli kynþáttar eða þjóðernisuppruna, en annar einstaklingur fær, hefur fengið eða myndi fá við sambærilegar aðstæður;
 - telst það óbein mismunun þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða venja setur fólk af tilteknum kynþætti eða þjóðernisuppruna í lakari stöðu en annað fólk nema viðkomandi skilyrði, viðmið eða venja sé réttlætt á hlutlægan hátt með lögmætu markmiði og aðferðirnar til að ná þessu markmiði séu viðeigandi og nauðsynlegar.
- Einelti skal teljast mismunun í skilningi 1. mgr. ef um er að ræða óæskilegt framferði sem tengist kynþætti eða þjóðernisuppruna og hefur þann tilgang eða áhrif að misþjóa virðingu einstaklings og skapa andrúmsloft sem er ógnandi, fjandsamlegt, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi. Í þessu samhengi má skilgreina hugtakið einelti í samræmi við landsrétt og venjur í hverju aðildarríki.
- Fyrirmæli um að mismuna fólk á grundvelli kynþáttar eða þjóðernisuppruna skulu teljast mismunun í skilningi 1. mgr.

3. gr.

Gildissvið

- Innan ramma þeirra heimilda sem bandalagið hefur samkvæmt sáttmálanum skal tilskipun þessi gilda um alla, bæði að því er varðar opinbera geirann og einkageirann, að meðtöldum opinberum aðilum, í tengslum við:
 - skilyrði fyrir aðgangi að atvinnu og sjálfstæðri atvinnustarfsemi, þar með talið viðmiðanir um val og forsendur ráðningar, hver sem atvinnugreinin er og á öllum starfsstigum, að meðtöldum framgangi í starfi;
 - aðgang á öllum stigum að hvers konar starfsleiðbeiningum, starfsmenntun, framhaldsstarfsmenntun og endurmenntun, að meðtalinni hagnýtri starfsreynslu;
 - ráðningar- og starfskjör, þar með talið uppsagnir og laun;
 - aðild að og þátttöku í samtökum launafólks eða atvinnurekenda eða samtökum þar sem félagarnir stunda tiltekið starf, að meðtöldum þeim hlunnindum sem slík samtök veita félögum sínum;
 - félagslega vernd, þar með talið almannatryggingar og heilsugæsla;
 - félagslega styrki;
 - menntun;
 - aðgang að og afhendingu vöru og þjónustu sem almenningur á kost á, þar með talið húsnæði.
- Þessi tilskipun tekur ekki til mismunandi meðferðar á grundvelli ríkisfangs og hefur ekki áhrif á ákvæði og skilyrði er varða komu ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra manna inn á yfirráðasvæði aðildarríkja og búsetu þeirra þar né áhrif á meðferð sem orsakast af réttarstöðu viðkomandi ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra manna.

4. gr.

Raunveruleg og afgerandi krafa í starfi

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 2. gr. er aðildarríkjum heimilt að kveða á um að mismunandi

meðferð, sem grundvallast á eiginleikum sem tengjast kynþætti eða þjóðernisuppruna, teljist ekki mismunun ef eðli þeirrar tilteknu atvinnustarfsemi, sem um er að ræða, eða það samhengi, sem hún á sér stað í, gerir það að verkum að þessi eiginleiki er raunveruleg og afgerandi krafa í starfi, að því tilskildu að markmiðið sé lögmætt og krafan sé í eðlilegu hlutfalli við það.

5. gr.

Sértækar aðgerðir

Til að tryggja fullt jafnrétti í raun skal meginreglan um jafnrétti ekki hindra neitt aðildarríkjanna í að viðhalda eða samþykka sértækar aðgerðir til að koma í veg fyrir eða bæta fyrir erfiða aðstöðu sem tengist kynþætti eða þjóðernisuppruna.

6. gr.

Lágmarkskröfur

- Aðildarríkjunum er heimilt að setja eða viðhalda ákvæðum sem eru hagstæðari, að því er viðkemur vernd jafnræðisreglunnar, en ákvæði þessarar tilskipunar.
- Framkvæmd þessarar tilskipunar skal ekki vera tilefni til að draga úr þeirri vernd gegn mismunun sem aðildarríkin veita þegar á sviðum sem tilskipun þessi tekur til.

II. KAFLI

ÚRRÆÐI OG FRAMKVÆMD

7. gr.

Réttarvernd

- Aðildarríkin skulu tryggja að allir sem telja sig rangindum beitta vegna þess að jafnræðisreglunni hafi ekki verið fylgt í þeirra tilviki eigi kost á dóms- og stjórn-sýslumeðferð, einnig sáttameðferð þegar þau telja það við hæfi, sem miðar að því að fullnægja þeim skyldum sem þessi tilskipun hefur í för með sér, þótt aðstæðurnar, sem mismununin á að hafa átt sér stað við, séu ekki lengur fyrir hendi.

- Aðildarríkin skulu tryggja að félög, samtök eða aðrir lögaðilar, sem í samræmi við viðmið í landsrétti eiga lögmætra hagsmuna að gæta af því að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar, geti átt aðild að dóms- og/eða stjórnáskilum meðferð sem miðar að því að fullnægja þeim skyldum sem þessi tilskipun hefur í för með sér, annaðhvort fyrir hönd kæranda eða til stuðnings honum og með eða án hans samþykkis.
- Ákvæði 1. og 2. mgr. hafa ekki áhrif á reglur landsréttar um fresti til höfða mál með tilliti til jafnræðisreglunnar.

8. gr.

Sönnunarbyrði

- Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við eigin réttarkerfi, til að tryggja að það sé varnaraðila að sanna að meginreglan um jafnrétti hafi ekki verið brotin þegar fólk sem telur sig rangindum beitt vegna þess brotið hafi verið gegn jafnræðisreglunni, leggur fyrir dómstóla eða önnur þar til bær yfirvöld staðreyndir sem gefa ástæðu til að ætla að bein eða óbein mismunur hafi átt sér stað.
- Ákvæði 1. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin innleiði sönnunarreglur sem eru hagstæðari fyrir kærendur.
- Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um meðferð sakamála.
- Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. skulu einnig gilda í þeirri málsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 7. gr.
- Aðildarríkin þurfa ekki að beita 1. mgr. í þeim málum þar sem dómstólum eða öðrum þar til bærum aðila ber að rannsaka málsatvik.

9. gr.

Hefndaraðgerðir

Aðildarríkin skulu leiða í landslög ákvæði um nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda einstaklinga gegn óhagstæðri meðferð eða óhagstæðum afleiðingum vegna viðbragða við kæru eða málarekstri sem hefur það að markmiði að sjá til þess að meginreglan um jafnrétti sé virt.

10. gr.

Upplýsingagjöf

Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir viðkomandi aðilar á yfirráðasvæði þeirra fái vitneskju eftir viðeigandi leiðum um ákvæði, sem eru samþykkt á grundvelli þessarar tilskipunar, og um viðeigandi ákvæði sem þegar eru í gildi.

11. gr.

Samráð aðila vinnumarkaðarins

- Aðildarríkin skulu, í samræmi við innlendar hefðir sínar og venjur, gera viðeigandi ráðstafanir til að hvetja til samráðs aðila vinnumarkaðarins í því skyni að stuðla að jafnrétti, þar með talið eftirlit með starfsháttum á vinnustöðum, kjarasamningum, siðareglum, rannsóknum og miðlun reynslu og góðum starfsvenjum.
- Sé það í samræmi við innlendar hefðir og venjur skulu aðildarríkin hvetja aðila vinnumarkaðarins, án þess að það hafi áhrif á sjálfstæði þeirra, til að gera samninga á viðeigandi stigi þar sem settar eru reglur um bann við mismunur á sviðum sem um getur í 3. gr. og falla undir gildissvið kjarasamninga. Í þessum samningum skulu virtar lágmarkskröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og tilheyrandi innlendar framkvæmdarráðstafanir.

12. gr.

Samráð við frjáls félagasamtök

Aðildarríkin skulu hvetja til samráðs við viðeigandi frjáls félagasamtök sem eiga, í samræmi við landsrétt og venjur, lögmætra hagsmuna að gæta í baráttunni gegn mismunur á grundvelli kynþáttar og þjóðernisuppruna, með það fyrir augum að halda á lofti meginreglunni um jafnrétti.

III. KAFLI

AÐILAR SEM STUÐLA AÐ JAFNRÉTTI

13. gr.

- Aðildarríkin skulu tilnefna einn eða fleiri aðila til að stuðla að jafnrétti allra manna án mismununar á grundvelli kynþáttar eða þjóðernisuppruna. Þessir aðilar geta verið hluti af stofnunum sem hafa fengið það verkefni á landsvísi að verja mannréttindi eða standa vörð um réttindi einstaklinga.
- Aðildarríkin skulu tryggja að valdsvið þessara aðila taki m.a. til þess:
 - taki m.a. til þess
 - að veita fórnarlömbum mismununar óháða aðstoð við að framfylgja kæru um mismunur, með fyrirvara um rétt fórnarlamba og félaga, samtaka eða annarra lögpersóna sem um getur í 2. mgr. 7. gr.;
 - að gera óháðar kannanir á mismunur;
 - að birta óháðar skýrslur og setja fram tilmæli í málum er varða slíka mismunur.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

14. gr.

Ákvæðum tilskipunarinnar fullnægt

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja:

- að öll lög og stjórnáskilufyrirmæli, sem brjóta í bága við meginregluna um jafnrétti, verði afnumin;
- að öll ákvæði, sem brjóta í bága við meginregluna um jafnrétti og standa í einstaklingsbundnum eða sameiginlegum samningum eða kjarasamningum, innri reglum fyrirtækja, reglum um fyrirtæki, sem starfa í ágóðaskyni eða án ágóða, og reglum um einstakar starfsgreinar og um samtök launafólks og atvinnurekenda, verði ógilt eða lýst ógilt eða að þeim verði breytt.

15. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn landsrétti sem settur er samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem geta verið greiðsla skaðabóta til fórnarlambins, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa forvarnargildi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði eigi síðar en 19. júlí 2003 og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar á þeim.

16. gr.

Framkvæmd

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáskilgæfingarmáli til að fara að tilskipun þessari fyrir 19. júlí 2003 eða fela aðilum vinnumarkaðarins, enda hafi þeir farið sam-eiginlega fram á það, að koma þessari tilskipun í framkvæmd að því er varðar ákvæði sem falla undir gildissvið kjarasamninga. Í því tilvikum skal hvert aðildarríki sjá til þess að aðilar

vinnumarkaðarins hafi gert með sér samninga um nauðsynlegar ráðstafanir fyrir 19. júlí 2003 enda sé hverju aðildarríki skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir svo að það geti ætíð tryggt framkvæmd þeirra reglna sem tilskipun þessi kveður á um.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvisun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvisun.

17. gr.

Skýrsla

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni fyrir 19. júlí 2005 og á fimm ára fresti eftir það allar nauðsynlegar upplýsingar til að hún geti tekið saman skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar.
2. Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar skal, eftir því sem við á, höfð hliðsjón af álitum Evrópumíðstöðvar fyrir eftirlit með kynþátta-

fordómum og útlendingahatri sem og sjónarmiðum aðila vinnumarkaðarins og viðeigandi frjálsra félagsamtaka. Í samræmi við meginregluna um jöfn tækifæri fyrir karla og konur skal þessi skýrsla, meðal annars, innihalda mat á áhrifum þeirra ráðstafana, sem gerðar eru, á konur og karla. Með hliðsjón af þeim upplýsingum sem berast skulu vera tillögur um endurskoðun og uppfærslu þessarar tilskipunar í skýrslunni ef þörf krefur.

18. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

19. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna. Gjört í Lúxemborg 29. júní 2000.
Fyrir hönd ráðsins, M. ARCANJO forseti.